

Minnisblað

Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar varðandi almennar íbúðir.

Á fundi fjölskylduráðs þann 17. ágúst 2018 lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Almennar íbúðir

- 1. Hafa einhverjar íbúðir verið byggðar í Hafnarfirði á vegum óhagnaðardrifinna leigu- eða búseturéttarféлага sl. 4 ár?*
- 2. Hefur Hafnarfjarðarbær nú þegar veitt einhver stofnframlög vegna íbúða hjá óhagnaðardrifnum félögum á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir?*
- 3. Ef svar við spurningu 2 er já, vegna hversu margra íbúða eru þau stofnframlög og hver er samanlögð fjárhæð nú þegar veittra stofnframlaga?*
- 4. Hversu margar íbúðir á vegum óhagnaðardrifinna féлага eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?*
- 5. Hversu margar íbúðir eru á framkvæmdastigi innan Hafnarfjarðarbæjar í dag?*
- 6. Hversu margar íbúðir voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017. „*

Eftirfarandi eru svör við fyrirspurninni:

1. BRYNJA, hússjóður Öryrkjabandalagsins hefur byggt síðustu árin. Auk þess byggði Ás, styrktarfélag búsetukjarna við Klukkuvelli þar sem búa 6 fatlaðir einstaklingar.
2. Hafnarfjarðarbær hefur nú þegar veitt stofnframlög vegna íbúða hjá óhagnaðardrifnum félögum á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.
3. Samþykkt hafa verið stofnframlög vegna 69 íbúða að upphæð 183.114.894.-kr.
4. BRYNJA, hússjóður ÖBÍ er með 3 íbúðir á framkvæmdastigi á Kvistavöllum 63.
5. Eftirfarandi íbúðir eru á framkvæmdastigi í dag í Hafnarfirði:

Fjölbýli:	155 íbúðir
Raðhús:	11 íbúðir
Parhús:	6 íbúðir
Einbýli:	2 íbúðir
Fjölskylduhús:	3 íbúðir
Samtals	177 íbúðir.

6. Íbúðir byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum, sundurliðun eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017.

	2014		2015		2016		2017	
	fj.lóða	fj. Íbúða	fj.lóða	fj. Íbúða	fj.lóða	fj. Íbúða	fj.lóða	fj. Íbúða
Einbýli	4	4	12	12	14	14	17	17
Parhús	4	4	2	2	1	2	2	2
Raðhús	9	9	9	9	14	34	12	15
Fjölbýli	9	196	16	299	7	225	12	186
Samtals íbúðir		213		322		275		220

Hafnarfjörður 29. ágúst 2018
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri.